

Október 2025



Áætlun fyrir aðgerðir vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum

Stöðutaka

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Útgefandi:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Áætlun fyrir aðgerðir vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum. Stöðutaka

10. október 2025

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2025 Stjórnarráð Íslands

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	7
1. Inngangur	8
2. Yfirlit yfir stöðu aðgerða	10
3. Umfang ofbeldis gegn börnum	12
3.1 Íslenska æskulýðsrannsóknin	12
3.1.1 Einelti.....	12
3.1.2 Líkamsárásir.....	13
3.1.3 Kynferðisofbeldi.....	15
3.1.4 Heimilisofbeldi	16
3.2 Barnaverndarþjónusta	18
3.2.1 Þróun barnaverndartilkynninga um ofbeldi gegn börnum.....	18
3.2.2 Meðferð máls þegar barn verður fyrir ofbeldi	24
3.3 Lögregla.....	30
3.3.1 Heimilisofbeldi	31
3.3.2 Kynferðisofbeldi.....	33
3.3.3 Manndráp.....	34
4. Helstu áskoranir og lærdómur.....	36
4.1 Helstu áskoranir	36
4.2 Lærdómur.....	37
5. Lokaorð og næstu skref.....	38

Myndaskrá

Mynd 1. Svör við spurningu um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir einelti síðustu 2 mánuði, 2018-2024. Heimild: Íslenska æskulýðsrannsóknin, Menntavísindasvið Háskóla Íslands.....	13
Mynd 2. Hlutfall svarenda í grunnskóla sem sögðust hafa orðið fyrir líkamsárás einu sinni eða oftar 2023-2025. Heimild: Íslenska æskulýðsrannsóknin, Menntavísindasvið Háskóla Íslands.....	14
Mynd 3. Hlutfall svarenda í grunnskóla eftir bekkjum og kyni sem segjast hafa orðið fyrir líkamsárás einu sinni eða oftar 2023-2025. Heimild: Íslenska æskulýðsrannsóknin, Menntavísindasvið Háskóla Íslands	14
Mynd 4. Hefur einhver að minnsta kosti fimm árum eldri en þú eða fullorðinn einstaklingur snert þig eða káfað á þér á kynferðislegan hátt um ævina? Svör 2023 og 2024. Heimild: Mælaborð um farsæld barna byggt á Íslensku æskulýðsrannsókninni.....	15
Mynd 5. Hefur einhver að minnsta kosti fimm árum eldri en þú eða fullorðinn einstaklingur reynt að hafa munnmök eða samfarir við þig einhvern tímann? Svör 2023 og 2024. Heimild: Mælaborð um farsæld barna byggt á Íslensku æskulýðsrannsókninni.....	16
Mynd 6. Hlutfall svarenda sem greina frá því að foreldri eða annar fullorðinn á heimilinu hafi slegið þau, sparkað í þau eða reynt að meiða þau á einhvern hátt einhvern tímann um ævina? Svör 2023 og 2024 (%). Heimild: Mælaborð um farsæld barna byggt á Íslensku æskulýðsrannsókninni.....	16
Mynd 7. Hlutfall svarenda sem segjast hafa orðið vitni að eða heyrt annað foreldri eða umönnunaraðila verða fyrir höggum, spörkum eða verið viljandi slasað á heimili ykkar einhvern tímann um ævina? Svör 2023 og 2024 (%). Heimild: Mælaborð um farsæld barna byggt á Íslensku æskulýðsrannsókninni	17
Mynd 8. Þróun tilkynninga til barnaverndarþjónustu 2018-2025. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.....	20
Mynd 9. Þróun tilkynninga vegna tilfinningalegs ofbeldis til barnaverndarþjónustu 2018-2025. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.	21
Mynd 10. Þróun tilkynninga vegna líkamlegs ofbeldis til barnaverndarþjónustu 2018-2025. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.	21
Mynd 11. Þróun tilkynninga vegna kynferðisofbeldis gegn barni til barnaverndarþjónustu 2018-2025, auk mála þar sem nán tengsl voru til staðar. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.	22

Mynd 12. Þróun tilkynninga vegna stafræns kynferðisofbeldis gegn barni til barnaverndarþjónustu 2022-2025*. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins.. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.....	23
Mynd 13. Tilkynningar til barnaverndarþjónustu um kynferðisofbeldi gegn barni 2018-2025*, kyn þolanda. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.....	23
Mynd 14 Fjöldi rannsóknar-/könnunarviðtala og skýrslutöku fyrir dómi í barnahúsi, 2021-2024. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.....	29
Mynd 15. Fjöldi brotaþola í tilvikum hjá lögreglu þar sem grunur er um heimilisofbeldi gegn barni, 2018-2025*. Tölur fyrir 2025 ná til og með júní. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	31
Mynd 16. Kyn brotaþola í málum hjá lögreglu þar sem grunur er um heimilisofbeldi gegn barni, 2018-2025. Tölur fyrir 2025 ná til og með júní. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	32
Mynd 17. Meðalaldur brotaþola í tilvikum hjá lögreglu þar sem grunur er um heimilisofbeldi gegn barni, 2018-2025. Tölur fyrir 2025 ná til og með júní. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	32
Mynd 18. Fjöldi brotaþola í öllum kynferðisbrotum, og þar sem grunur var um annars vegar nauðgun og hins vegar stafrænt kynferðisbrot, tilkynnt til lögreglu 2018-2025*.Tölur fyrir 2025 ná til og með júní. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	33
Mynd 19. Fjöldi ungra brotaþola í kynferðisbrotum tilkynntum til lögreglu 2015-2025, skipt eftir kyni. Tölur fyrir 2025 ná til og með júní. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	34
Mynd 20. Meðalaldur ungra brotaþola í öllum kynferðisbrotum og nauðgunum tilkynntum til lögreglu, 2018-2025. Tölur fyrir 2025 ná til og með júní. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	34

Töfluskrá

Tafla 1. Helstu árangursmælikvarðar aðgerðaáætlunarinnar	9
Tafla 2. Viðbótarmælikvarðar vegna barna sem þolenda ofbeldis	9
Tafla 3. Yfirlit yfir stöðu aðgerða.	10
Tafla 4. Tilkynningar til barnaverndarþjónustu um ofbeldi gegn barni og undirflokkar 2018-2025*. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.	19
Tafla 5. Barnaverndarþjónusta leitaði brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns (37. gr. bvl) 2018-2022. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.	27
Tafla 6. Börn á bið eftir þjónustu Barnahúss, meðalbiðtími og fjöldi barna sem hefur beðið lengur en 3 mánuði. Tekið saman 31. ágúst 2025. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.	28
Tafla 7. Yfirlit yfir biðlista eftir öðrum úrræðum Barna- og fjölskyldustofu, en Barnahúss. Tekið saman 31. ágúst 2025. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.	30

Útdráttur

Í þessari stöðutöku er sjónum beint að börnum sem þolendum ofbeldis, en síðasta stöðutaka aðgerðahópsins fjallaði um börn sem sýna áhættuhegðun eða beita ofbeldi.

Stöðutakan sýnir að á undanförunum árum hefur orðið veruleg vitundarvakning um ofbeldi gegn börnum á Íslandi. Tilkynningum til barnaverndar og lögreglu hefur fjölgað jafnt og þétt, einkum vegna heimilisofbeldis og sú þróun heldur áfram árið 2025. Gögnin sýna að stúlkur eru oftast þolendur kynferðisofbeldis á meðan drengir verða oftast fyrir líkamlegu ofbeldi. Þá eru vísbendingar um að einelti og líkamsárásir meðal drengja á miðstigi grunnskóla hafi aukist á síðustu árum. Þörf er á að stytta biðlista, einkum hjá Barnahúsi. Samhliða þarf að tryggja gæði þjónustunnar þrátt fyrir álag.

Á sama tíma varpar greiningin ljósi á kerfislægar áskoranir. Þar má nefna skort á samræmdum gögnum milli stofnana og takmarkaðar upplýsingar um feril mála og árangur þjónustu.

Fram undan er innleiðing aðgerða heilbrigðiskerfisins um skimun og ofbeldismóttöku fyrir börn. Samhliða er unnið að því að innleiða áfallamiðaða og barnvæna nálgun í skólaþjónustu m.a. með innleiðingu Heillaspora á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS), í samstarfi við sveitarfélög. Hafin er heildræn innleiðing á Merki um öryggi (e. Signs of Safety) á vegum Barna- og fjölskyldustofu á landsvísi. Merki um öryggi er viðurkennt verklag í barnavernd sem miðar að því að tryggja öryggi barna og fjölskyldna þeirra og þannig draga úr þörf á íþyngjandi inngripum. Brýnt er að stytta áfram biðlista eftir úrræðum fyrir börn sem sæta eða beitt hafa ofbeldi og tryggja um leið gæði og árangur þjónustunnar. Samræma verklag, skráningu og gagnasöfnun milli kerfa vegna ofbeldismála, efla nýtingu þeirra úrræða sem þegar eru fyrirbyggjandi svo sem samþættingu þjónustu, áhættumat og nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili og greina áhrif ofbeldis á börn út frá aldri, kyni og öðrum bakgrunnsbreytum.

Næsta stöðuskýrsla verður lögð fram í desember og mun fjalla ítarlegar um lykilaðgerðir, meta árangur þeirra og tilgreina næstu skref í innleiðingu aðgerðaáætlunarinnar gegn ofbeldi meðal og gegn börnum.

1. Inngangur

Áhyggjur af ofbeldi meðal og gegn börnum hefur farið vaxandi í samfélaginu, meðal annars vegna alvarlegra ofbeldisatvika, fjölgunar tilkynninga til barnaverndarþjónustu og breyttra birtingarmynda ofbeldis. Í þessari stöðutöku aðgerðahóps um ofbeldi gegn og meðal barna er lögð sérstök áhersla á börn sem þolendur ofbeldis.

Í september 2024 samþykktu stjórnvöld heildstæða tveggja ára áætlun með 25 aðgerðum, sem miða að því að draga úr ofbeldi, styrkja úrræði og samræma verklag milli kerfa. Aðgerðahópur, skipaður fulltrúum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga tók til starfa 4. september 2024 og ber ábyrgð á framkvæmd, samhæfingu og eftirfylgni með aðgerðunum.

Aðgerðaáætlunin byggir á tillögum í skýrslunni *Aðgerðir gegn ofbeldi meðal barna* frá júní 2025 og á tillögum í skýrslu heilbrigðisráðuneytisins *Börn eru ekki litlir fullorðnir – framtíðarsýn í heilbrigðisþjónustu við börn sem eru þolendur ofbeldis*. Þá er aðgerðahópnum einnig ætlað að fylgja eftir þingsályktun um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027.

Fyrsta stöðuskýrslan var birt í mars 2025 og önnur stöðuskýrsla verður birt í desember 2025. Lokaskýrsla með tillögum til úrbóta verður birt í desember 2026. Á tímabilinu birtir aðgerðahópurinn jafnframt styttri stöðutökur og er þessi stöðutaka liður í því, jafnframt verður stöðutaka í mars og júní 2026. Hluti aðgerðanna var fjármagnaður með fjáráukalögum ársins 2024, aðrir liðir á fjárlögum 2025. Á fjárlögum 2026 er gert ráð fyrir fjárveitingum til aðgerða á því ári.

Stöðutakan byggir á nýjustu gögnum frá lögreglu, barnaverndaryfirvöldum og mælaborði um farsæld barna/Íslensku æskulýðsrannsókninni (ÍÆ). Gögnin eru nýtt til að svara m.a. eftirfarandi spurningum með áherslu á börn sem þolendur ofbeldis:

- Hver er staða innleiðingar aðgerða?
- Hver er þróunin í tiltækum tölulegum gögnum?
- Hvaða áskoranir hafa komið í ljós?
- Hvaða lærdóm má draga af störfum aðgerðahópsins til dagsins í dag?

Helstu árangursmælikvarðar sem samþykktir hafa verið vegna aðgerðanna eru eftirfarandi:

Tafla 1. Helstu árangursmælikvarðar aðgerðaáætlunarinnar

Ábyrgðaraðili	Árangursmælikvarðar
Barnaverndarþjónusta	Þróun tilkynninga um áhættu hegðun barna. Ítrekunartíðni mála. Biðlistar eftir úrræðum hjá Barna- og fjölskyldustofu.
Lögregla	Fjöldi tilkynninga um áhættu hegðun og ofbeldisbrot barna. Ítrekunartíðni brota. Afdrif mála í réttarkerfinu. Hlutfall vopnaútkalla sérsveitar þar sem börn koma við sögu.
Heilbrigðisþjónusta	Tilkynningar frá heilbrigðiskerfi til barnaverndar vegna barna sem eru þolendur og/eða gerendur ofbeldis og leita til heilbrigðisþjónustu (á heilsugæslu eða bráðamóttöku). Alvarleiki tilkynninga úr heilbrigðiskerfi til barnaverndar (m.t.t. hvort mál fari í könnun eða ekki). Fjöldi barna í réttarlæknisfræðilega skoðun. Þjónustuþörf í geðheilbrigðiskerfinu í kjölfar jákvæðrar skimunar fyrir ofbeldi í grunnskólum.
Aðrir mælikvarðar	Tíðni ofbeldis og vopnaburðar í skólum, félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum, Mæling á reynslu og upplifun barna og þjónustuveitenda af þjónustu.

Aðgerðahópurinn leggur jafnframt til að bætt verði við eftirfarandi mælikvörðum vegna barna sem þolendur ofbeldis:

Tafla 2. Viðbótarmælikvarðar vegna barna sem þolenda ofbeldis

Barnaverndarþjónusta	Þróun tilkynninga um ofbeldi gegn börnum. Fjöldi beiðna um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili vegna barns.
Lögregla	Þróun tilkynninga um ofbeldi gegn börnum. Fjöldi beiðna um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili vegna barns.
Aðrir mælikvarðar	Mælingar á tíðni ofbeldis gegn börnum og stöðu þeirra barna sem hafa orðið fyrir ofbeldi.

2. Yfirlit yfir stöðu aðgerða

Aðgerðahópurinn hefur fundað mánaðarlega frá hausti 2024 og haldið utan um framvindu aðgerða með aðkomu stýrihóps ráðuneyta. Ekki var fundað í júlí vegna sumarleyfa.

Öll verkefni hafa verið sett af stað og náð því markmiði að vera í undirbúningi eða komin til framkvæmda fyrir lok október 2024, í samræmi við tímaáætlanir. Í þessari skýrslu er greint frá stöðu aðgerðanna með hliðsjón af eftirfarandi flokkun:

- Undirbúningur/áætlanagerð
- Í framkvæmd/vinna hafin
- Innleiðing hafin
- Lokið

Tafla 3. Yfirlit yfir stöðu aðgerða.

Samhæfing stofnana		
Aðgerð	Staða	Ábyrgðaraðili
Auka þverfaglega nálgun í ofbeldismálum meðal barna	Í framkvæmd/vinna hafin	MRN í samvinnu við DMR, HRN, aðgerðahóp, farsældarráð, svæðisskrifstofur íþróttahreyfingarinnar og svæðisbundin samráð lögreglu og heilbrigðisstofnanir
Innleiða svæðisbundið samráð um allt land	Í framkvæmd/vinna hafin	RLS, lögregluembættin
Móta framtíðarsýn í heilbrigðisþjónustu við börn sem búa við ofbeldi - Ofbeldismóttaka á LSH	Í undirbúningi/áætlanagerð	HRN í samvinnu við LSH. María Rut Beck verkefnastjóri á LSH leiðir
Samhæfa aðgerðir gegn ofbeldi og móta stefnu til framtíðar	Innleiðing hafin	MRN í samvinnu við DMR, HRN, IRN og aðgerðahóp
Samræma á landsvísi verklag við heilbrigðisþjónustu við réttarlæknisfræðilegar skoðanir og sýnatökur þegar grunur er um að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi	Lokið	HRN, LSH – NMÍ í samvinnu við RLS og lögregluembættin
Skýra samskipti barnaverndar, lögreglu og heilbrigðisþjónustu um afdrif BV mála	Í undirbúningi/áætlanagerð	HRN, MRN, heilbrigðisstofnanir, BOFS, barnverndarþjónustur
Uppfæra og samræma verklag hjá öllum heilbrigðisstofnunum landsins og móta framtíðarsýn í heilbrigðisþjónustu við börn sem eru þolendur ofbeldis	Í undirbúningi/áætlanagerð	HRN leiðir vinnu ásamt gæðastjórum heilbrigðisstofnana
Sérhæfð úrræði fyrir ofbeldishegðun		
Aðgerð	Staða	Ábyrgðaraðili
Auka eftirfylgni vegna brota barna	Innleiðing hafin	Héraðssaksóknari, lögregluembættin

Endurskoða meðferð mála og úrræði fyrir sakhæf börn sem beita ofbeldi	Í undirbúningi/áætlanagerð	MRN í samstarfi við DMR, HRN, RLS, BOFS, og aðra hagaðila s.s. héraðssaksóknara, lögregluembættin, Fangelsismálastofnun
Koma upp verklagi fyrir ósakhæf börn og úrræði fyrir börn sem beita alvarlegu ofbeldi	Í undirbúningi/áætlanagerð	MRN í samstarfi við DMR, HRN, BOFS, RLS, SÍS og aðra hagaðila
Forvarnir og fræðsla		
Aðgerð	Staða	Ábyrgðaraðili
Alþjóðlegt samvinnuverkefni um sjálfbært samfélag	Í framkvæmd/vinna í gangi	RVK, MRN
Koma á skimun fyrir ofbeldi í grunnskólum landsins	Í undirbúningi/áætlanagerð	HRN, skólahjúkrunarfræðingar hjá heilbrigðisstofnunum
Samfélagsáttak. Efla fræðslu og forvarnir meðal barna og foreldra	Í framkvæmd/vinna hafin	Samband íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóli, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu
Útbúa fræðsluefni fyrir heilbrigðisstarfsfólk um rétt viðbrögð og verlag (forvörn)	Lokið	HRN, ÞÍH
Útbúa leiðbeiningar fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að bregðast við limlestingum á kynfærum barna (viðbragð)	Lokið	HRN, LSH
Meðferðarúrræði		
Aðgerð	Staða	Ábyrgðaraðili
Styðja við meðferðarúrræði BOFS	Innleiðing hafin	MRN, BOFS
Auka stuðning við 1., 2. og 3. stígs þjónustu í öllum sveitarfélögum vegna farsældar	Innleiðing hafin	MRN, sveitarfélög
Styðja við innleiðingu framkvæmdaáætlunarinnar í barnavernd 2023-2027	Innleiðing hafin	MRN, BOFS
Samfélagsleg úrræði		
Aðgerð	Staða	Ábyrgðaraðili
Auka viðbragð og sýnileika löggæslu	Í framkvæmd/vinna hafin	RLS, lögregluembættin
Efla faglegt bakland skólasamfélags/landsteymi MMS	Í framkvæmd/vinna hafin	MMS
Efla samfélagslögreglu	Í framkvæmd/vinna hafin	Lögregluembættin
Efla starfsemi Flotans, flakkandi félagsmiðstöð	Í framkvæmd/vinna hafin	RVK, nágrannasveitarfélög
Efla ungmennastarf í Breiðholti	Í framkvæmd/vinna hafin	RVK
Setja á fót úrræði fyrir ungmenni 16-17 (NEET)	Í undirbúningi/áætlanagerð	RLS, MMS, BOFS, Geðheilsumiðstöð barna
Virkja foreldrastarf í ytra umhverfi barna – Saman hópurinn	Í framkvæmd/vinna hafin	Saman hópurinn

3. Umfang ofbeldis gegn börnum

3.1 Íslenska æskulýðsrannsóknin

Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) hefur frá árinu 2021 verið framkvæmd af Menntavísindasviði Háskóla Íslands fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið. Könnunin nær árlega til nemenda í 4. til 10. bekk grunnskóla og annað hvert ár til nemenda í framhaldsskólum. Niðurstöðurnar nýtast meðal annars í mælaborði um farsæld barna, sem byggir á fimm grunnstoðum farsældar. Meðal þeirra eru öryggi og vernd og veita niðurstöðurnar mikilvæga innsýn í upplifun barna á öryggi og ofbeldi.¹

3.1.1 Einelti

Íslenska æskulýðsrannsóknin hefur frá árinu 2006 safnað gögnum um það hvort þátttakendur hafi orðið fyrir einelti í skóla undanfarna tvo mánuði. Niðurstöður sýna að meirihluti barna, eða 75-88% nemenda í grunnskóla segist ekki hafa orðið fyrir einelti á tímabilinu.

Einelti er algengast í 6. bekk, þar sem umtalsverður hluti barna segist hafa orðið fyrir einelti tvisvar eða oftar síðustu tvo mánuði. Árið 2018 sögðust 9,2% 6. bekklinga hafa orðið fyrir endurteknu einelti, en hlutfallið hefur hækkað og mælist 13,3% árið 2024. Í 8. bekk hefur hlutfallið verið svipað allt tímabilið, um 5-7%, en í 10. bekk eru tilföllin færri, um 4-5%. Þessar niðurstöður benda til þess að endurtekið einelti hefur aukist meðal nemenda á miðstigi á síðustu árum, en verið nokkuð stöðugt hjá eldri nemendum.

Hlutfallið er þó hærra ef horft er til allra barna sem segjast hafa orðið fyrir einelti, þ.e. ef með eru talin þau sem hafa orðið fyrir því einu sinni eða tvisvar síðustu tvo mánuði. Með þeirri skilgreiningu segjast um fjórðungur barna í 6. bekk hafa orðið fyrir einelti árið 2024, en um 12-13% nemenda í 9.-10. bekk.


Slíkt er í samræmi við alþjóðlegar rannsóknir sem benda til þess að algengni eineltis er lægra í eldri bekkjum en yngri, og hæsta svarhlutfallið er jafnan á miðstigi í grunnskólum.² Hækkunin á einelti í 6. bekk árið 2024 getur skýrst af samspili margra þátta, þar á meðal hversu fljótt börn byrja að nota netið og hversu stór hluti af samskiptum þeirra fara í gegnum slíka miðla. Auk þess getur

¹ Auk gagna frá ÍÆ er í mælaborði farsældar byggt á upplýsingum frá BOFS, Útlendingastofnun, Hagstofu Íslands, Embætti landlæknis, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sjúkratryggingum Íslands.

² López-Castro, L., Smith, P.K., Robinson, S., & Görzig, A. (2023). Age differences in bullying victimisation and perpetration: Evidence from cross-cultural surveys. *Aggression and Violent Behavior*, 73. Sótt af <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1359178923000757?via%3Dihub>

fræðsla og meiri vitund um einelti og félagslegar áskoranir leitt til þess að fleiri þekki og viðurkenni slíka reynslu.

Mynd 1. Svör við spurningu um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir einelti síðustu 2 mánuði, 2018-2024. Heimild: Íslenska æskulýðsrannsóknin, Menntavísindasvið Háskóla Íslands




3.1.2 Líkamsárásir

Á árinu 2023 var bætt við spurningu í Íslensku æskulýðsrannsóknina um hvort þátttakendur hefðu orðið fyrir líkamsárás. Niðurstöðurnar gefa til kynna að meirihluti barna í grunnskóla verði ekki fyrir líkamsárás.


Líkamsárásir eru þó algengari meðal drengja og í yngri bekkjum. Árið 2023 greindi allt að helmingur nemenda í 6.-8. bekk frá slíkri reynslu á síðustu 12 mánuðum, og hlutfallið hækkað árin 2024 og enn frekar 2025. Í 9.-10. bekk eru hlutföllin almennt lægri.

Mynd 2. Hlutfall svarenda í grunnskóla sem sögðust hafa orðið fyrir líkamsárás einu sinni eða oftár 2023-2025. Heimild: Íslenska æskulýðsrannsóknin, Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Þróunin er þó ekki einsleit. Í flestum bekkjum hefur hlutfallið annað hvort staðið í stað eða hækkað, sérstaklega í 6. og 7. bekk þar sem aukning sést milli 2023 og 2025.

Mynd 3. Hlutfall svarenda í grunnskóla eftir bekkjum og kyni sem segjast hafa orðið fyrir líkamsárás einu sinni eða oftár 2023-2025. Heimild: Íslenska æskulýðsrannsóknin, Menntavísindasvið Háskóla Íslands




Flest þeirra sem hafa orðið fyrir árás greina frá því að hafa upplifað hana einu sinni eða tvisvar.

3.1.3 Kynferðisofbeldi


Í Íslensku æskulýðsrannsókninni er spurt um reynslu þátttakenda af kynferðisofbeldi eða áreitni. Yfirgnæfandi meirihluti grunnskólabarna hefur ekki reynslu af slíku. Þó er til staðar hópur barna sem greinir frá slíkri reynslu. Á árinu 2024 sögðu 5,4% nemenda að þau hafi orðið fyrir því að einhver hafi snert þau eða káfað á þeim á kynferðislegan hátt einu sinni eða tvisvar, en 2,3% greindu frá því að slíkt hefði gerst oftár en tvisvar.

Mynd 4. Hefur einhver að minnsta kosti fimm árum eldri en þú eða fullorðinn einstaklingur snert þig eða káfað á þér á kynferðislegan hátt um ævina? Svör 2023 og 2024. Heimild: Mælaborð um farsæld barna byggt á Íslensku æskulýðsrannsókninni



Jafnframt svarar 2,5% árið 2024 að einhver fimm árum eldri eða fullorðinn hafi reynt að hafa munnmök eða samfarir við þau einhvern tímann um ævina.

Mynd 5. Hefur einhver að minnsta kosti fimm árum eldri en þú eða fullorðinn einstaklingur reynt að hafa munnmök eða samfarir við þig einhvern tímann? Svör 2023 og 2024. Heimild: Mælaborð um farsæld barna byggt á Íslensku æskulýðsrannsókninni




Stúlkur eru töluvert líklegri en drengir til að hafa orðið fyrir slíku.

3.1.4 Heimilisofbeldi


Spurt var um reynslu grunnskólabarna af heimilisofbeldi árin 2023 og 2024. Yfir 90% barna segjast hvorki hafa orðið sjálf fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu foreldris eða annars fullorðins á heimili né orðið vitni að því að annað foreldri eða umönnunaraðili hafi orðið fyrir slíku á ævinni. Tæplega einn af hverjum tíu nemendum hafa hins vegar upplifað ofbeldi, annað hvort beint eða sem vitni að því.

Mynd 6. Hlutfall svarenda sem greina frá því að foreldri eða annar fullorðinn á heimilinu hafi slegið þau, sparkað í þig eða reynt að meiða þau á einhvern hátt einhvern tímann um ævina? Svör 2023 og 2024 (%). Heimild: Mælaborð um farsæld barna byggt á Íslensku æskulýðsrannsókninni



Hlutfall þeirra sem verða vitni af ofbeldi er mjög svipað og þeirra sem upplifa ofbeldi beint.

Mynd 7. Hlutfall svarenda sem segjast hafa orðið vitni að eða heyrt annað foreldri eða umönnunaraðila verða fyrir höggum, spörkum eða verið viljandi slasað á heimili ykkar einhvern tímann um ævina? Svör 2023 og 2024 (%).
Heimild: Mælaborð um farsæld barna byggt á Íslensku æskulýðsrannsókninni



3.2 Barnaverndarþjónusta

3.2.1 Þróun barnaverndartilkynninga um ofbeldi gegn börnum

Barna- og fjölskyldustofa safnar mánaðarlegum upplýsingum um tilkynningar sem berast öllum barnaverndarþjónustum landsins. Meðal upplýsinganna eru bæði fjöldi tilkynninga sem berast og fjöldi umsókna um þjónustu stofnunarinnar. Tilkynningarnar eru flokkaðar í fjóra meginflokka: Vanræksla, ofbeldi, áhættuhegðun barns eða þar sem talið er að heilsu eða líf ófædds barns sé í hættu.

Óskað var eftir upplýsingum um þróun tilkynninga vegna ofbeldis gegn börnum á tímabilinu 2018-2025. Fyrir lágu gögn um 1. ársfjórðung ársins 2025. Tilkynningum til barnaverndarþjónusta fjölgaði um 12,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2025 miðað við sama tímabil árið á undan. Stóran hluta fjölgunarinnar mátti rekja til aukningar í tilkynningum frá landsbyggðinni.

Á tímabilinu 2018-2025 hefur heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarþjónustu fjölgað um 60%. Algengast er að tilkynnt sé um tilfinningalegt ofbeldi og hefur fjöldi tilkynninga um líkamlegt ofbeldi gegn börnum jafnframt aukist jafnt og þétt á tímabilinu. Tilkynningum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum fjölgaði mest árið 2021 en hefur fækkað lítillega á síðari árum. Kynjahlutfall er nokkuð jafnt þegar litið er til tilkynninga um tilfinningalegt ofbeldi, en drengir eru líklegri til að verða fyrir líkamlegu ofbeldi og stúlkur fyrir kynferðisofbeldi.

Athugið: Tölur um tilkynningar til barnaverndarþjónustu endurspeгла ekki endilega fjölda barna eða ofbeldisatvika. Sama atvik getur verið tilkynnt oftari en einu sinni, t.d. af skóla, lögreglu eða heilbrigðisþjónustu. Fjölgun tilkynninga getur því bæði bent til aukinna atvika, aukinnar vitundar og/eða betra verklags og samvinnu stofnana.

Tafla 4. Tilkynningar til barnaverndarþjónustu um ofbeldi gegn barni og undirflokkar 2018-2025*. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025*
Ofbeldi	2.592	2.990	3.765	3.827	3.735	3.896	4.151	1.311
Drengir	1.259	1.469	1.873	1.843	1.732	1.962	2.047	639
Stúlkur	1.333	1.521	1.892	1.984	2.003	1.934	2.104	672
Tilfinningalegt ofbeldi	1.587	1.905	2.448	2.245	2.030	2.270	2.318	747
Drengir	791	961	1.251	1.139	969	1.175	1.172	361
Stúlkur	796	944	1.197	1.106	1.061	1.095	1.146	386
<i>þar af hálfu náins aðila³</i>	746	908	1.167	1.171	849	891	757	239
Drengir	358	460	623	600	394	460	402	106
Stúlkur	388	448	544	571	455	431	355	133
Líkamlegt ofbeldi	613	681	906	965	1.083	1.214	1.454	394
Drengir	358	391	522	562	640	702	821	232
Stúlkur	255	290	384	403	443	512	633	162
<i>þar af hendi náins aðila</i>					337	369	375	112
Drengir					192	211	185	71
Stúlkur					145	158	190	41
Kynferðisofbeldi	449	475	515	720	693	625	586	194
Drengir	149	147	145	195	164	173	173	60
Stúlkur	300	328	370	525	529	452	413	134
<i>þar af hendi náins aðila⁴</i>					197	88	109	34
Drengir					37	15	24	6
Stúlkur					160	73	85	28
þar af stafrænt kynferðisofbeldi⁵					62	52	55	14

³ Hér hefur orðið breyting á orðanotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila.


⁴ Frá áramótum 2022 voru barnaverndarþjónustur beðnar um að skrá ef að tilkynning vegna líkamlegs eða kynferðisofbeldis væru vegna gruns um ofbeldis af hálfu náins aðila. Hér eru ekki til samanburðarhæfar tölur frá fyrri árum.

⁵ Frá áramótum 2022 voru barnaverndarþjónustur beðnar um að skrá hvort tilkynning vegna kynferðis ofbeldis væri vegna stafræns kynferðisofbeldis.

Heildarþróun tilkynninga um ofbeldi gegn barni

Á tímabilinu 2018-2024 jókst heildarfjöldi tilkynninga um ofbeldi gegn barni til barnaverndarþjónustu verulega, eða úr 2.592 árið 2018 í 4.151 árið 2024. Ekki liggja fyrir upplýsingar hjá Barna- og fjölskyldustofu hversu margar tilkynningar leiddu til könnunar máls eða formlegrar málsmeðferðar. Slíkar upplýsingar liggja aðeins fyrir varðandi allar barnaverndartilkynningar, en ekki niðurbrotið niður á einstaka flokka tilkynninga.


Mynd 8. Þróun tilkynninga til barnaverndarþjónustu 2018-2025. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.



Tilfinningalegt ofbeldi (áður heimilisofbeldi)

Algengast var að tilkynnt væri um tilfinningalegt ofbeldi, en fjöldi tilkynninga var 1.587 árið 2018 og 2.318 tilkynningar árið 2024. Breyting hefur orðið á skráningu og orðanotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort skilgreining barnaverndarþjónustu á nánnum tengslum sé sú sama og hjá lögreglunni eða samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga (218. gr. b).


Mynd 9. Þróun tilkynninga vegna tilfinningalegs ofbeldis til barnaverndarþjónustu 2018-2025. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.



Líkamlegt ofbeldi

Tilkynningum til barnaverndarþjónustu vegna líkamlegs ofbeldis gegn börnum hefur fjölgað stöðugt á síðustu árum. Árið 2018 bárust 613 tilkynningar, en árið 2024 voru þær orðnar 1.454, sem jafngildir nærri tvöföldun á sjö árum. Mesta fjölgunin varð á árunum 2019-2020 og 2023-2024. Tilkynningar um líkamlegt ofbeldi beinast oftast að drengjum en stúlkum.

Mynd 10. Þróun tilkynninga vegna líkamlegs ofbeldis til barnaverndarþjónustu 2018-2025. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.




Hlutfall tilkynninga um líkamlegt ofbeldi af hálfu náins aðila af heildarfjölda tilkynninga um líkamlegt ofbeldi gegn barni hefur farið lækkandi á tímabilinu. Árið 2022 tengdust 31% tilkynninga slíkum aðstæðum en hlutfallið lækkað í 26% árið 2024.

Kynferðisofbeldi

Á tímabilinu 2018-2024 fjölgaði tilkynningum um kynferðisofbeldi gegn barni úr 449 í 720, eða um 60%. Frá árinu 2021 hefur tilkynningum fækkað og voru þær 586 árið 2024. Þessi þróun er frábrugðin þróun tilkynninga um tilfinningalegt og líkamlegt ofbeldi, en þeim hefur fjölgað stöðugt á sama tímabili.


Mynd 11. Þróun tilkynninga vegna kynferðisofbeldis gegn barni til barnaverndarþjónustu 2018-2025, auk mála þar sem náin tengsl voru til staðar. Tölur ársins 2025 ná aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.



Hlutfall mála þar sem náin tengsl voru til staðar sveiflast milli ára: 28% (2022), 14% (2023) og 19% (2024).


Jafnframt hafa barnaverndarþjónustur verið beðnar um að skrá sérstaklega, þar sem myndir, myndbönd eða rafræn samskipti eru notuð til að brjóta gegn barni. Tilkynningum um slíkt ofbeldi fjölgaði á fyrstu árum skráningar, en tölur ársins 2025 (fyrstu þrír mánuðir), sýna ekki marktæka breytingu frá fyrra ári.

Mynd 12. Þróun tilkynninga vegna stafræns kynferðisofbeldis gegn barni til barnaverndarþjónustu 2022-2025*. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins.. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.



Mun meira af tilkynningum um kynferðisofbeldi heilt yfir snúa að stúlkum, eða um 70-75%, þó fjöldi tilkynninga sem varðar drengi sé einnig verulegur ár hvert.

Mynd 13. Tilkynningar til barnaverndarþjónustu um kynferðisofbeldi gegn barni 2018-2025*, kyn þolanda. Tölur ársins 2025 nái aðeins til fyrstu þriggja mánaða ársins. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.



Heildarniðurstöður

Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarþjónustu um ofbeldi gegn börnum hefur aukist um 60% á tímabilinu 2018-2024. Tilfinningalegt og líkamlegt ofbeldi sýna stöðuga fjölgun, en kynferðisofbeldi hefur dregist saman frá hámarki 2021. Fjölgun tilkynninga má að hluta væntanlega rekja til aukinnar vitundar almennings og fagfólks, breyttrar skráningar og samhæfingar milli stofnana, ekki einungis raunverulegrar fjölgunar tilvika.

3.2.2 Meðferð máls þegar barn verður fyrir ofbeldi

Þegar grunur vaknar eða upplýsingar berast um að barn hafi orðið fyrir ofbeldi eða vanrækslu hefst málsmeðferð samkvæmt skýrt afmörkuðum lagalegum ferlum í barnaverndarlögum nr. 80/2002. Samkvæmt 16.-18. gr. laganna hvílir tilkynningarskylda á almenningi og sérstaklega fagfólki sem vinnur með börnum. Skylda til að tilkynna nær bæði til gruns um og vitneskju um ofbeldi eða vanrækslu gegn barni.

Ef grunur vaknar um kynferðislegt, líkamlegt eða alvarlegt ofbeldi gegn barni ber barnverndarþjónustu að óska eftir þjónustu Barnahúss við könnun máls, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Barnahús veitir þverfaglega þjónustu þar sem rannsókn, viðtöl og mat fara fram á barnvænan hátt.

Ferill máls

1. Tilkynning til barnaverndarþjónustu. Tilkynning berst barnaverndarþjónustu frá almenningi eða fagfólki. Þjónustan metur innan sjö daga hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr. barnaverndarlaga. Lögin afmarka hvaða upplýsingar barnaverndarþjónusta má nýta til að meta hvort opna eigi könnun máls, eða aðeins upplýsingarnar frá tilkynnanda og eigin fyrirliggjandi gögn.
2. Könnun máls. Ef rökstuddur grunur liggur fyrir er málið formlega tekið til könnunar. Við alvarleg tilvik, svo sem kynferðisofbeldi eða alvarlegt líkamlegt eða andlegt ofbeldi, er óskað eftir þjónustu Barnahúss.
3. Mat á úrræðum. Að lokinni könnun metur barnaverndarþjónustan hvort beita þurfi úrræðum með samþykki foreldra eða barns, eða gegn vilja þeirra, sbr. 24.-30. gr. barnaverndarlaga.
4. Samþætt þjónusta. Í samræmi við farsældarlög er eftir þörfum barns virkjuð samhæfð þjónusta, svo sem tengiliður, málstjóri og stuðningsteymi.
5. Samstarf kerfa. Hlutverk skóla, heilbrigðisþjónustu og annarra kerfa er mikilvægt þegar grunur vaknar um ofbeldi gegn barni. Allir grunnskólar starfa samkvæmt eineltisáætlunum sem virkjast þegar slík mál koma upp, en í mörgum tilvikum er jafnframt nauðsynlegt að tilkynna málið til barnaverndarþjónustu. Innleiðing svæðisbundinna farsældarráða og skipulagt samráð við lögreglu, skóla, frístundarstarf og heilbrigðisþjónustu stuðlar að heildstæðri og samræmdri nálgun á landsvísu.

Ekki öll börn þar sem grunur vaknar um ofbeldi eða tilkynnt er um slíkt fara í Barnahús. Þjónustan þar er fyrst og fremst ætluð börnum sem eru þolendur kynferðislegs, og alvarlegs líkamlegs eða andlegs ofbeldis. Vægari mál eru almennt meðhöndluð af barnaverndarþjónustu í heimabyggð barns. Eldri ungmenni, 16-17 ára, fara ekki í Barnahús ef metið er að viðtal eða rannsókn geti farið fram annars staðar með viðeigandi aðlögun.

Barnaverndarþjónusta í samráði við Barna- og fjölskyldustofu meta þá í hverju tilviki hvort þjónusta Barnahúss sé viðeigandi eða hvort önnur úrræði henti betur.

Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna

Sambætt farsældarþjónusta samkvæmt lögum nr. 86/2021 hefur það markmið að tryggja að börnum og fjölskyldu þeirra heildstæða og samræmda þjónustu. Með sambættingu þjónustukerfa – eins og skóla, félagsþjónustu, heilsugæslu og barnaverndar – á að draga úr líkum á að börn falli á milli kerfa eða þurfi að leita endurtekið eftir hjálp.

Þegar barn þarf á fjölþætttri aðstoð að halda geta foreldrar óskað eftir sambættingu og ber þá málstjóri farsældar ábyrgð á vinnslu málsins býr til stuðningsteymi og gerir stuðningsáætlun í samvinnu við foreldra, barn ef við á og helstu samstarfsaðila. Þetta á að koma í veg fyrir að hver stofnun starfi ein og sér. Markmiðið er að grípa inn snemma, samhæfa þjónustu og tryggja samfellu í stuðningi við barnið. Tengiliðir eru starfandi í leik-, grunn- og framhaldsskólum auk heilsugæslu og félagsþjónustu fyrir börn sem horfið hafa frá námi að lokinni skólaskyldu og sambætta á 1. stigi. Málstjórar farsældar eru staðsettir hjá félagsþjónustu á 2. stigi eða barnaverndarþjónustu. Þegar opnuð hefur verið könnun máls hjá barnaverndarþjónustu getur málstjóri barnaverndar tekið við málstjórn farsældarþjónustu fyrir barnið á 3. stigi. Ef niðurstaða könnunar er að þörf er á aðkomu barnaverndar þá tekur barnavernd við málstjórn. Í málum þar sem barn er vistað utan heimilis skal alltaf sambætta þjónustu og mynda stuðningsteymi og gera stuðningsáætlun.

Barna- og fjölskyldustofa safnar reglulega upplýsingum um framkvæmd farsældarþjónustu. Samkvæmt samantekt fyrir tímabilið janúar til apríl 2025 voru 4.676 mál barna í sambætttri þjónustu hjá tengiliðum og málstjórum farsældar. Flest mál voru hjá tengiliðum í grunnskólum (40%) og málstjórum í félagsþjónustu (32%), en 8,4% mála voru hjá málstjórum í barnavernd eða um 393 börn sem nutu samhæfðs stuðnings á þriðja þjónustustigi. Barnaverndarþjónustan skilaði 93,5% skilum á skráningu, sem er með því hæsta meðal þátttakenda, en tengiliðir í heilsugæslu og í félagsþjónustu skiluðu mun minna hlutfalli gagna (69,8% og 53,2%).

Ekki kemur fram hversu mörgum málum var vísað til umdæmisráða barnaverndarþjónustu á tímabilinu janúar til apríl 2025, þar sem foreldrar eða forsjáraðilar samþykktu ekki þátttöku í farsældarþjónustu.

Ef skil á skráningu sýna raunverulega virkni kerfisins virðist farsældarkerfið starfa best innan skólakerfisins, þar sem flest börn eru í daglegu sambandi við tengiliði farsældar. Hins vegar virðist heilbrigðisþjónustan, sem hefur mikilvægt hlutverk gagnvart yngri börnum, börnum utan skóla og börnum með heilsufarsvanda, ekki tengjast farsældarvinnunni með sama hætti. Sama á við um félagsþjónustu, sem sinnir fjölskyldum í viðkvæmri stöðu en skilar aðeins hluta skráninga.

Þrátt fyrir þessa veikleika sýna gögnin að flæði milli þjónustustiga er virkt. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2025 vísuðu tengiliðir farsældar 280 málum til málstjóra, en málstjórar vísuðu 117 málum aftur til tengiliða þegar þörfin var metin vægari. Það bendir til þess að stigskiptingin sé að virka í reynd, þó að raunveruleg samþætting á 3. stigi þurfi frekari greiningu.⁶

Þannig virðist farsældarkerfið vera að skapa sameiginlegan ramma um samstarf stofnana og stuðla að markvissari þjónustu við börn og fjölskyldur. Barnavernd er virk í kerfinu, en óvíst er hvort vinnulag hennar hafi í reynd tekið breytingum eða hvort mál séu unnin samkvæmt samþættu verklagi. Skil á skráningu benda til þess að samvinna er sterkust í skólakerfinu en veikari í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Nauðsynlegt er því að fylgjast sérstaklega með því að börn sem eru utan skólakerfisins og í félagslegri áhættu njóti sambærilegrar verndar og stuðnings.

Beiðni um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili

Í 37. gr. barnaverndarlaga er kveðið á um að ef barnaverndarþjónusta þykir heilsu eða lífi ófæddis barns stefnt í hættu eða barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, skal barnaverndarþjónusta setja fram beiðni til lögreglu um að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn eða barnshafandi einstakling. Enn fremur er með sama hætti skylt að setja fram beiðni til lögreglu um að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef þjónustan telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns eða barnshafandi einstaklings. Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Á tímabilinu 2018- 2022 var óskað alls átta sinnum eftir nálgunarbanni og/eða brottvikningu heimilismanns. Ekki voru tiltækar upplýsingar hjá Barna- og fjölskyldustofu um árin 2023 eða 2024. Ekki liggja fyrir upplýsingar um af hvaða tilefni nálgunarbannið og/eða brottvikningunni var beitt.

⁶ Barna- og fjölskyldustofa (2025). Farsæld barna janúar til apríl 2025. Yfirlit yfir fjölda mála. Júlí 2025. Sótt af https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/19XYV1d554LeYG9A3KJTez/10078a1685c1aebafb4fa04e0d3e6bec/Skra%C3%8C_ning_i%C3%8C__fars%C3%83_ld_janu%C3%8C_ar_til_apri%C3%8C_l_2025_samantekt.pdf

Tafla 5. Barnaverndarþjónusta leitaði brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns (37. gr. bvl) 2018-2022. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.

Barnaverndarþjónusta leitaði brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns (37. gr. bvl.) ⁷	
2018	2
2019	0
2020	1
2021	3
2022	2

Bið og nýting á úrræðum fyrir þolendur ofbeldis á vegum Barna- og fjölskyldustofu

Börnum sem hafa orðið fyrir ofbeldi og fjölskyldum þeirra stendur til boða margvísleg úrræði, bæði í formi meðferðar og stuðnings. Þessi úrræði eru hluti af stigskiptri farsældarþjónustu samkvæmt lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (farsældarlög) og eru veitt í samræmi við lög nr. 80/2002 um barnavernd (barnaverndarlög), eftir atvikum.

Tilvísun og/eða umsókn þarf frá barnaverndarþjónustu sveitarfélags til Barna- og fjölskyldustofu um viðkomandi úrræði. Upplýsingar um bið eftir úrræði á vegum Barna- og fjölskyldustofu voru teknar saman 31. ágúst 2025.

Barnahús (börn sem hafa orðið fyrir kynferðis- og/eða líkamlegu ofbeldi)

Barnahús sinnir börnum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, auk þeirra sem beitt hafa verið grófu líkamlegu eða andlegu ofbeldi. Barnahús starfar á þriðja þjónustustigi og felur í sér sérhæfða rannsókn og meðferð.

Meðferðarúrræði sem beitt er í Barnahúsi eru m.a.:

- Áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð (ÁM-HAM)
- Áfallamiðuð hugræn úrvinnslumeðferð (CPT)
- EMDR
- Hefðbundin hugræn atferlismeðferð (HAM)
- Frásagnarmeðferð (NET)
- Snemmtæk áfallamiðuð meðferð (CFTSI)

⁷Barna- og fjölskyldustofa (2025, febrúar). Árleg samantekt frá barnaverndarþjónustum 2022. Barna- og fjölskyldustofa. Sótt af

https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/47dws08HuOaIR9W6jY9nXWjO/919a3cf08c264dbc149512b7a94f5d01/%C3%81rleg_samantekt_fr%C3%A1_barnaverndar%C3%BEj%C3%B3nustum_2022.pdf

Auk þess er beitt leikmeðferð og fjölskyldumeðferð, sem þykir gagnlegri fyrir yngri börn eða þegar vinna þarf með fjölskylduna sem heild.

Þá er fjölkerfameðferð (MST) nýtt í tilvikum unglinga með alvarlegan hegðunar- eða vímuevanda.

Í Barnahúsi fá að jafnaði 70 – 100 börn þjónustu á hverjum tíma. Þar eru nú 22 börn á bið í flokki þeirra barna þar sem mál eru metin alvarleg, þar af hafa 15 börn beðið lengur en 3 mánuði. Á bið í flokki ekki eins alvarlegra mála eru þrjú börn.


Tafla 6. Börn á bið eftir þjónustu Barnahúss, meðalbiðtími og fjöldi barna sem hefur beðið lengur en 3 mánuði. Tekið saman 31. ágúst 2025. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.

	Fjöldi barna	Meðal biðtími (dagar)	Fjöldi barna sem hefur beðið lengur en 3 mánuði
Skýrslutaka	-	-	-
Könnunarviðtal	-	1-14	-
Meðferð	25		
Flokkur 1	22	98	15
Flokkur 2	3	52	1

Í lok ágúst 2025 var biðtími eftir rannsóknar-/könnunarviðtali 1-14 dagar. Fjöldi bæði rannsóknar-/könnunarviðtala og skýrslutöku fyrir dómi í Barnahúsi hefur dregist verulega saman frá 2021 til 2024. Rannsóknar-/könnunarviðtal er tekið að beiðni barnaverndarþjónustu eða lögreglu í þeim tilgangi að afla upplýsinga frá barninu um mögulegt ofbeldi, upplýsingarnar nýtast við mat barnaverndar eða sem hluti af lögreglurannsókn. Munurinn á þessum viðtölum er sá að könnunarviðtal er ekki hluti af lögreglurannsókn en getur þó verið undanfari þess að formlegt barnaverndarmál hefjist, en það er ekki alltaf raunin. Fjöldi rannsóknar-/könnunarviðtala fór úr 423 árið 2021 í 248 árið 2024. Skýrslutökur fyrir dómi eru formleg meðferð sem dómari stýrir.

Breytingin kann að endurspegla fækkun tilkynninga um kynferðisofbeldi gegn barni, breytingar á verklagi hjá barnaverndarþjónustu eða lögreglu eða raunverulega fækkun brota.

Mynd 14 Fjöldi rannsóknar-/könnunarviðtala og skýrslutöku fyrir dómi í barnahúsi, 2021-2024. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa



FM-Ham (börn sem hafa orðið fyrir tilfinningalegu ofbeldi, t.d. heimilisofbeldi)

Barnahús hefur nýlega byrjað að bjóða upp á fjölskyldumiðaða hugræna atferlismeðferð (FM-Ham, á ensku Combined Parent-Child Cognitive Behavioral Therapy) sem er gagnreynd meðferð fyrir fjölskyldur þar sem hættu er á að börn verði beitt líkamlegu ofbeldi. Meðferðin miðar að því að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu, bæta samskipti innan fjölskyldunnar og draga úr vandamálum áður en þau þróast í alvarlegri vanda sem krefst íhlutunar barnaverndarþjónustu. Markmið FM-Ham er að hjálpa börnum að vinna úr áföllum sem þau hafa upplifað, efla foreldrafærni til að ala upp börn á öruggan og jákvæðan hátt, og styrkja tengsl foreldra og barna.

Sex börn eða þrjár fjölskyldur eru á bið eftir FM-Ham meðferð og sú fjölskylda og það barn sem er búið að bíða lengst hefur beðið frá 21. maí sl.

Önnur úrræði BOFS

Tafla 7. Yfirlit yfir biðlista eftir öðrum úrræðum Barna- og fjölskyldustofu, en Barnahúss. Tekið saman 31. ágúst 2025. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa

	Fjöldi barna	Meðalbiðtími (í dögum)	Börn beðið í 3+ mánuði
Stuðlar meðferðardeild ⁸	0	15	0
Stuðlar neyðarvistun ⁹	0	0	0
Styrkt fóstur	8	111	4
Bjargey	1	21	0
SÓK	1	42	1
Blönduhlið	1	64	0
MST	8	51,6	1

3.3 Lögregla

Lögreglan skráir allar tilkynningar sem berast til lögreglu í LÖKE; málaskrá lögreglunnar. Málaskráin byggir á skráningu og meðferð máls gagnvart sakborningi, en undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að bæta skráningu brotaþola. Umfjöllunin hér fyrir neðan byggir á upplýsingum um brotaþola undir 18 ára aldri. Hægt er að sundurliða þær upplýsingar eftir aldri brotaþola, kyni, ári og tegund afbrots.

Helstu niðurstöður eru þær að frá árinu 2015 til 2024 hefur orðið 83% aukning í fjölda barna sem skráð eru sem þolendur heimilisofbeldis. Aukninguna má að hluta rekja til aukinnar og markvissari skráningu hjá lögreglu. Kynjahlutfall þolenda er nokkuð jafnt og meðalaldur um 10-11 ár.

Ungir þolendur kynferðisofbeldis voru 128 talsins skv. gögnum lögreglu árið 2018. Fjöldinn jókst í 265 árið 2021 en fækkaði síðan og var á bilinu 190-200 á árin 2022-2024. Stúlkur eru meirihluti brotaþola (80-85%) og meðalaldur kringum 12-13 ár.

⁸ Meðalbiðtími frá því að fullbúin umsókn barst og þar til barn innritaðist á meðferðardeild Stuðla á tímabilinu 1. september til 1. september 2025 var 15 dagar. Umsóknir eru teknar fyrir á vikulegum inntökufundum. Í einhverjum tilfellum er óskað eftir ákveðnum innskriftardögum, ekki fyrsta mögulega degi. Á tímabilinu voru 7 börn í meðferðarvistun á Stuðlum.

⁹ Rýmum á lokaðri deild Stuðla var fjölgað undir lok ársins 2018 úr 6 í 8 til að bregðast við endurteknum frávísunum vegna plássleysis. Síðan þá hefur engum börnum verið vísað frá lokaðri deild stuðla. Eftir brunann þann 19. október 2024 fækkaði rýmum aftur og hefur fjöldi þeirra ekki verið stöðugur síðan þá. Það hefur því miður komið fyrir að börnum hefur verið vísað frá eftir brunann, en allt kapp er lagt á að það gerist ekki. Vistunartími var stytur í 7 daga til að reyna að koma í veg fyrir frávísanir.

Í manndrápsmálum árið 2024 voru óvenju margir þolendur (láttnir) undir 18 ára aldri, eða þrjú börn og ungmenni.


Unnið er að því að afla frekari gagna og greina nánar meðferð ofbeldismála er varðar börn hjá lögreglu og afdrif þeirra í réttarkerfinu.

3.3.1 Heimilisofbeldi

Samkvæmt skýrslu sem gagnavísindadeild ríkislögreglustjóra tók saman fyrir aðgerðahópin um börn sem þolendur heimilisofbeldis á tímabilinu 2015-2025 kemur fram að frá árinu 2015 til ársins 2024 má sjá 83% aukningu í fjölda barna sem skráð eru sem þolendur heimilisofbeldis hjá lögreglu eða að meðaltali 12% aukning á ári (var minnst 4% milli ára og mest 19%). Nálgun og verklag lögreglunnar við skráningu mála hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Ef börn eru bein vitni að heimilisofbeldi eru þau skráð sem brotaþolar og sett inn brot gegn barnaverndarlögum, þá sérstaklega 98. gr. um brot umsjáraðila gegn barni og 99. gr. um brot gegn barni. Einnig hefur málaflokkurinn heimilisofbeldi í auknu mæli verið skráð í rannsóknarbeiðnir frá barnaverndarþjónustu. Það kann að benda til aukinnar meðvitundar um áhrif heimilisofbeldis á börn og að slíkar aðstæður séu nú oftast formlega skráðar og rannsakaðar sem hluti af barnaverndarmálum. Þessi þróun endurspeglar ekki endilega fjölgun ofbeldisatvika, heldur getur hún einnig tengst breyttu verklagi, aukinni þekkingu fagfólks og meiri áherslu á að tryggja öryggi barna sem búa við heimilisofbeldi.


Á árinu 2025 er fjöldi brotaþola orðinn 121, tölur fengnar í lok september og ef fram heldur sem horfir verður fjöldinn svipaður eða litlu fleiri árið 2025 miðað við árið á undan.

Mynd 15. Fjöldi brotaþola í tilvikum hjá lögreglu þar sem grunur er um heimilisofbeldi gegn barni, 2018-2025*. Tölur fyrir 2025 ná til og með júní.
Heimild: Ríkislögreglustjóri




Kynjahlutfall þolenda er nokkuð jafnt, eða um 48-53% drengir og 47-52% stúlkur.

Mynd 16. Kyn brotaþola í málum hjá lögreglu þar sem grunur er um heimilisofbeldi gegn barni, 2018-2025. Tölur fyrir 2025 ná til og með júní.
Heimild: Ríkislögreglustjóri



Algengast er að börn sem eru brotaþolar í málum hjá lögreglu á þessu tímabili séu undir 10 ára. Þegar skoðaður var aldur brotaþola eftir aldursflokkinum undir 10 ára, 10-14 ára og 15-17 ára voru 39% undir 10 ára, um 33% 10-14 ára og 28% milli 15-17 ára.

Mynd 17. Meðalaldur brotaþola í tilvikum hjá lögreglu þar sem grunur er um heimilisofbeldi gegn barni, 2018-2025. Tölur fyrir 2025 ná til og með júní.
Heimild: Ríkislögreglustjóri




3.3.2 Kynferðisofbeldi

Þegar litið er til kynferðisofbeldis sem tilkynnt er til lögreglu er hægt að tala um fjölda mála (þar sem fleira en eitt brot getur verið tilkynnt), fjölda brota, fjölda grunaðra og fjölda brotþola. Samkvæmt núverandi skráningu getur í einu stóru máli verið skráð eitt brot með mörgum brotþolum og á það sérstaklega við um stafræn kynferðisbrot. Í þessum kafla verður lögð áhersla á fjölda brotþola undir 18 ára í kynferðisbrotum.

Ungum brotþolum í kynferðisbrotum fjölgaði á árunum 2018-2021 og náði hámarki árið 2021 þegar þeir voru 265. Síðan þá hefur þeim fækkað og haldist á bilinu 190-208 á ári 2022-2024. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2025 var tilkynnt um 111 brotþola kynferðisofbeldis á barnsaldri. Fjöldi brotþola í kynferðisbrotum sveiflast milli ára. Eitt umfangsmikið mál, þar sem einn gerandi er grunaður um brot gegn fjölda brotþola, getur orðið til þess að fjöldi ungra brotþola verður óvenju hár það ár.


Fjöldi ungra brotþola í nauðgunarmálum hefur verið nokkuð stöðugur á tímabilinu, en náði hámarki árið 2022 þegar brotþolar voru 60 talsins. Árið 2021 tóku gildi lagabreytingar um stafræn kynferðisbrot og voru þá skráðir 48 brotþolar í slíkum málum. Síðan hefur þeim fækkað og verið á bilinu 25-32 á ári.

Mynd 18. Fjöldi brotþola í öllum kynferðisbrotum, og þar sem grunur var um annars vegar nauðgun og hins vegar stafrænt kynferðisbrot, tilkynnt til lögreglu 2018-2025*. Tölur fyrir 2025 ná til og með júní. Heimild: Ríkislögreglustjóri




Flestir brotapolar kynferðisbrota sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2018-2025 eru stúlkur. Hlutfallið er frekar stöðugt, þannig að stúlkur eru almennt á bilinu 80-85% brotapola á hverju ári.

Mynd 19. Fjöldi ungra brotapola í kynferðisbrotum tilkynntum til lögreglu 2015-2025, skipt eftir kyni. Tölur fyrir 2025 ná til og með júní. Heimild: Ríkislögreglustjóri



Meðalaldur brotapola allra kynferðisbrota á tímabilinu hefur haldist nokkuð stöðugur á bilinu 12,3-12,8 ár. Meðalaldur brotapola í nauðgunarmálum er hins vegar hærri, á bilinu 13,5-15 ár.

Mynd 20. Meðalaldur ungra brotapola í öllum kynferðisbrotum og nauðgunum tilkynntum til lögreglu, 2018-2025. Tölur fyrir 2025 ná til og með júní. Heimild: Ríkislögreglustjóri



3.3.3 Manndráp

Á árunum 1999-2023 voru þrjú börn (yngri en 18 ára) meðal látinna í manndrápsmálum á Íslandi. Um er að ræða 25 ára tímabil og atvikin áttu sér

stað árin 2002, 2004 og 2011. Um var að ræða tvo drengi og eina stúlku. Í öllum tilvikum réðst móðir að barni sínu. Eitt málanna var skilgreint sem ungbarnamanndráp (sbr. 212. gr. almennra hegningarlaga), þar sem barnið var nýfætt.

Árið 2024 var mjög óvenjulegt hvað varðar fjölda barna meðal látinna í manndrápsmálum:

1. Í einu máli réðst móðir að syni sínum.
2. Í öðru máli réðst faðir að dóttur sinni.
3. Í þriðja málinu lét 17 ára stúlka lífið. Fyrir lágu tengsl geranda við annan brotaþola í því máli.

Öll þessi mannslát (1999-2024) flokkast sem heimilisofbeldismál samkvæmt verklagi ríkislögreglustjóra um meðferð mála er varða skyldmennni eða tengda aðila, þar sem horft er til tengsla milli aðila frekar en staðsetningar atvika.

Á árunum 1999-2023 voru börn undir 18 ára 6% þeirra sem létust í manndrápsmálum. Árið 2024 voru alls 8 þolendur í 7 manndrápsmálum og voru 38% allra þolenda undir 18 ára aldri.

4. Helstu áskoranir og lærdómur

Stöðutaka á innleiðingu aðgerðaáætlunar stjórnvalda hefur leitt í ljós ýmsar áskoranir sem varða framkvæmd aðgerða og samhæfingu á milli kerfa.

4.1 Helstu áskoranir

Gagnasöfnun og samræming

Tölfræðin í þessari stöðutöku sýnir að þó flest börn á Íslandi búi ekki við ofbeldi, er ofbeldi alvarlegt og viðvarandi vandamál. Tilkynningum hefur fjölgað jafnt og þétt til bæði barnaverndarþjónustu og lögreglu. Hins vegar eru gögn og verklag við skráningu milli lykilaðila ekki samræmt sem gerir samanburð og greiningu erfiða. Sem dæmi má nefna mismunandi notkun hugtaka á borð við heimilisofbeldi og tilfinningalegt ofbeldi eða hvort sami skilningur séu t.d. á orðunum „náin tengsl“. Þá er flokkun ofbeldismála ekki samræmd milli barnaverndarþjónustu, lögreglu og annarra aðila.

Í næstu skýrslu verður kallað eftir gögnum frá heilbrigðisþjónustu.

Takmarkaðar upplýsingar um feril mála

Ekki liggja fyrir gögn um hvort tilkynningar til barnaverndarþjónustu varði sömu börn ítrekað, né hvort tekin sé ákvörðun um að hefja könnun máls gagnvart þessum börnum. Þá er ekki heldur ljóst hvort börn sem eru tilkynnt sem polendur fái farsældarþjónustu eða önnur úrræði í kjölfarið.

Skráning tengd þverfaglegu verklagi lögreglu og barnaverndarþjónustu í heimilisofbeldisútköllum virðist ekki vera aðgreint hjá barnavernd, til dæmis hvað varðar fjölda útkalla. Þá liggja ekki heldur fyrir upplýsingar frá lögreglu um afdrif þessara mála, þ.e. hvort rannsókn hafi verið felld niður eða ákæra gefin út. Upplýsingar um niðurstöður mála fyrir dómi eru sömuleiðis takmarkaðar.

Nýtingu á úrræðum barnaverndarþjónustu

Nýlegar tölur frá Barna- og fjölskyldustofu sýna að markvisst hefur verið unnið að því að draga úr biðlistum eftir þjónustu. Enn bíður þó fjöldi barna eftir viðtölum og úrræðum, einkum hjá Barnahúsi. Upplýsingarnar um biðlistana leiða í ljós að til að bregðast við áföllum og álagi hefur þjónustunni verið breytt, m.a. með styttri dvöl á neyðarvistun Stuðla. Mikilvægt er að tryggja að áhersla á styttri bið leiði ekki til lakari gæða á þjónustu.

Þrátt fyrir fjölda tilkynninga um heimilisofbeldi gegn börnum, eða ofbeldi af hálfu skyldra og tengdra aðila er afar sjaldan óskað eftir nálgunarbanni eða brottvísun af heimili miðað við fyrirliggjandi gögn. Boðaðar hafa verið breytingar á bæði barnaverndarlögum og lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Mikilvægt er að samræma verklag hjá barnaverndarþjónustum og lögreglu hvað varðar beiðnir um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili.

Þróun eftir hópi barna

Gögnin gefa skýrt til kynna að drengir og stúlkur eru útsett fyrir mismunandi tegundum ofbeldis. Stúlkur eru líklegri til að vera fyrir kynferðisofbeldi á meðan drengir eru líklegri til að verða fyrir líkamlegu ofbeldi. Áfram þarf að greina hvernig áhættan dreifist eftir aldri, kyni og öðrum bakgrunnsbreytum.

Nauðsynlegt er að greina niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar um áhrif þess að barn búi við ofbeldi á líðan þess og velferð.

4.2 Lærdómur

Reynslan sýnir að samhæfð, þverfagleg nálgun eykur líkur á árangri. Hins vegar er ekki einfalt að koma slíku á. Farsældarþjónusta hefur skapað ramma fyrir slíkt samstarf, en mismunandi virkni milli þjónustuveitenda við börn bendir til þess að áfram þarf markvisst að vinna að innleiðingu og eftirfylgni. Lykilinn að árangri er að börn og fjölskyldur upplifi samfellu, ábyrgð og öryggi í þjónustu – óháð því hvaða kerfi séu að veita hana.

5. Lokaorð og næstu skref

Stöðutakan sýnir að á Íslandi hefur átt sér stað mikil vitundarvakning um ofbeldi gegn börnum. Tilkynningum til barnaverndar og lögreglu hefur fjölgað verulega, og sú þróun heldur áfram árið 2025.

Greiningin dregur fram bæði jákvæða þróun og veikleika. Vitundarvakning, aukin skráning og fagleg þróun hefur gert ofbeldi sýnilegra, en sú sýn kallar jafnframt á sterkari og samræmdari viðbrögð þar sem börn og fjölskyldur þeirra eru gripnar af þverfaglegu teymi þegar ofbeldisatvik er tilkynnt eða uppgötvast.

Næstu skref þurfa að vera:

- **Farsældarþjónusta.** Tryggja fullnægjandi nýtingu farsældarþjónustu fyrir börn sem eru beitt ofbeldi og verða fyrir ofbeldi, og falla þar með undir tilkynningarskyldu til barnaverndar. Núverandi verklag meðferðaráætlana barnaverndarþjónustu verði uppfært í samræmi við farsældarlögin. Þannig verði þeim skipuð þverfagleg stuðningsteymi, haldnir reglulegir fundir stuðningsteyma og tryggð skýr eftirfylgni við stuðningsáætlanir sem er stýrt af málstjóra í barnavernd. Þegar mál barns færast frá barnaverndarþjónustu, þ.m.t. úrræði BOFS til málstjóra á 2. stigi farsældar þarf að tryggja farsæla yfirfærslu.
- **Biðlistar.** Halda áfram vinnu við að stytta biðlista hjá Barnahúsi og öðrum úrræðum fyrir börn sem beitt hafa ofbeldi eða eru þolendur ofbeldis. Samhliða þarf að tryggja gæði þjónustunnar.
- **Nálgunarbann og brottvísun af heimili.** Auka nýtingu þeirra úrræða sem eru til staðar, s.s. beiðnir um nálgunarbanni og brottvísun af heimili, þegar um er að ræða börn sem eru í hættu á ítrekuðu ofbeldi.
- **Bætt greining á gögnum.** Vinna frekari greiningu á gögnum, með sérstakri áherslu á heilbrigðisþjónustu og á feril mála innan barnaverndar- og réttarkerfisins. Skrá þarf ástæður þess að börn séu í samþættingu hjá barnaverndarþjónustu.
- **Samræming í skráningu og flokkun.** Kalla eftir samræmingu í skráningu og flokkun ofbeldismála milli stofnana og fræða ólíka samstarfsaðila um verklag hvers og eins við vinnslu ofbeldismála.
- **Greining á áhrifum ofbeldis.** Greina betur áhrif ofbeldis á börn út frá aldri, kyni og öðrum bakgrunnsbreytum til að þróa markvissari aðgerðir. Skoða þarf hvort barn sem býr við ofbeldi, komi síðar við sögu hjá lykilaðilum vegna áhættuhegðunar eða sem þolandi ofbeldis.

Stöðuskýrsla verður lögð fram í desember. Hún mun byggja á þeim lærdómi sem dreginn hefur verið fram í stöðutökum og fyrri stöðuskýrslu aðgerðahópsins. Í henni verður fjallað ítarlega um lykilaðgerðir, mat á árangri og næstu skref í innleiðingu aðgerðaáætlunarinnar.

